

Mál nr. 117/2015
M og
vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar Í.

Bifreiðastjóri ók ofan í holu á bifreiðastæði þ. 25.3.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.23.3.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-2
2. Bréf V dags.27. mars 2015 ásamt fylgiskjöllum 1-5.

Málsatvik.

M, sem er leigubifreiðarstjóri, var að skila af sér farþegum við hótél í Reykjavík og þegar hann ók af bifreiðastæði hótelsins og inn á annað bifreiðastæði ók hann ofan í holu og við það sprungu bæði fram- og afturdekk. Samkvæmt lögregluskýrslu var M búinn að færa bifreiðina af vettvangi þegar lögregla kom þangað og því ekki hægt að skoða hana nánar. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu Í hjá V og segir að þessi hola hafi verið búin að vera lengi til staðar og um tíma hafi verið keila yfir henni. V hafnar bótaskyldu og segir að engin gögn liggja fyrir um nákvæma staðsetningu holunnar eða staðfesting á að hún hafi verið á lóð Í og því ekki sýnt fram á það af M að Í beri ábyrgð á tjóni hans. Þá segir V að samkvæmt upplýsingum Í þá hafi þeim ekki verið kunnugt um að hola væri á bifreiðaplani þeirra.

Álit.

Ekki hafa verið lögð fram gögn af hálfu M sem sýna staðsetningu holunnar sem olli tjóni á bifreið hans. Þannig liggur ekki fyrir hvort holan var á lóð Í eða ekki. Þar sem ekki liggur fyrir sönnun í málinu um að umrædd hola hafi verið á lóð Í þá verður bótaskylda ekki lögð á Í, þegar af þeirri ástæðu. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Reykjavík 30.4. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.